Embættisafgreiðslur skrifstofu borgarstjórnar 2. nóvember 2017 - R17100497

	Fundargerðir:	
R17010030	Fundargerð 13. fundar formanns borgarráðs og formanns endurskoðunarnefndar frá 25. október 2017	Sent borgarfulltrúum til kynningar.
	Annað:	
R14120075	Ítrekun vegna úttektar á Leikskólanum Reynisholt frá 25. október 2017	Sent skóla- og frístundasviði til meðferðar.
R17100472	Erindi Jökulsólar ses. þar sem óskað er eftir viðræðum við Reykjavíkurborg um úthlutun fjölbýlishúsalóða í Reykjavík	Sent skrifstofu eigna og atvinnuþróunar til meðferðar.
R17100122	Ályktun íbúasamtaka Háaleitis og vinnuhóps um íþrótta- og æskulýðsstarf í Háaleitishverfi.	Sent íþrótta- og tómstundasviði til meðferðar.
R17100459	Erindi söngskóla Sigurðar Demetz um fjölgun nemenda og aukning framlags	Sent skóla- og frístundasviði og fjármálaskrifstofu til umsagnar.

Árið 2017 miðvikudaginn 25. október var haldinn 13. fundur formanns borgarráðs og formanns endurskoðunarnefndar. Fundurinn var haldinn að Tjarnargötu 12 og hófst kl. 11:53. Viðstaddir voru: S. Björn Blöndal og Ólafur B. Kristinsson. Einnig sat fundinn Hallur Símonarson sem ritaði fundargerð.

Þetta gerðist

1. Rætt um útboð endurskoðunarþjónustu sem er í gangi og stendur til að opna 1. nóvember
2. Farið yfir þá breytingu sem gerð var á starfsreglum endurskoðunarnefndar við árlega endurskoðun þeirra sbr. D lið 4. gr.
3. Farið yfir starfsáætlun endurskoðunarnefndar fyrir 2017-2018 sem hefur verið send á helstu aðila sem nefndin á í samskiptum við.
4. Farið yfir verkefni endurskoðunarnefndar m.a. starfsskýrslu Innri endurskoðunar Reykjavíkur fyrir síðasta ár.
5. Rætt um tvær nýlegar úttektir innri endurskoðunar Reykjavíkurborgar; Mat á innra eftirliti Faxaflóahafna og Stjórnun upplýsingaöryggis hjá Slökkviliði höfuðborgarsvæðisins.
6. Rætt um upplýsingagjöf innri endurskoðenda innan samstæðu borgarinnar, samskipti við innri endurskoðun Orkuveitunnar og stjórn félagsins.
7. Rætt um tímasetningu á kynningu endurskoðunarnefndar fyrir borgarráð.

Fleira ekki rætt og fundi slitið kl. 12:40

Málsnr: R14120075
Skjalasafn Ráðhúss
27. okt. 2017
Bréfalykill: 430

MENNTA- OG MENNINGARMÁLARÁÐUNEYTIÐ
Solvhólsgötu 4 101 Reykjavík
sími: 545 9500 · bréfasími: 562 3068
postur@mrn.is · menntamálaráðuneyti.is

Reykjavíkurborg
Ráðhúsi Reykjavíkur
101 Reykjavík

Reykjavík 25. október 2017
Tilv.: MMR15011384/6.14.1-

Efni: ÍTREKUN

Vísað er til fyrri bréfasamskipta vegna úttektar á Leikskólanum Reynisholt.

Mennta- og menningarmálaráðuneyti óskaði í bréfi, dags. 6. september 2016, eftir staðfestingu skólastjóra og sveitarfélags á því að vinnu samkvæmt umbótaáætlun sveitarfélagsins og skólans væri lokið ásamt upplýsingum um hvernig staðið hefur verið að endurbótum á lóð leikskólans í samræmi við umbótaáætlun. Einnig var óskað eftir mati sveitarstjórnar á því hvernig sveitarfélagi og skóla hefur tekist að vinna að umbótum á skólastarfinu í kjölfar úttektarinnar.

Skólastjóri Leikskólans Reynisholt óskaði með bréfi, dags. 27. september 2016, eftir fresti til að skila staðfestingu þar sem fram kom að framkvæmdum á lóð skólans samkvæmt umbótaáætlun var ekki lokið. Staðfesting skólastjóra á að umbótum samkvæmt umbótaáætlun er lokið barst ráðuneytinu dags. 22. júní 2017.

Ráðuneytið sendi Reykjavíkurborg bréf dags. 11. júli þar sem fram kom að ráðuneytið vænti þess að staðfesting Reykjavíkurborgar á að umbótum væri lokið ásamt mati borgarstjórnar á því hvernig borginni og Leikskólanum Reynisholt hefur tekist að vinna að umbótum á skólastarfinu í kjölfar úttektarinnar bærust því fyrir 1. september sl. Umbeðnar upplýsingar hafa enn ekki borist ráðuneytinu.

Ráðuneytið ítrekar því ofangreinda beiðni sín um upplýsingar og væntir þess að þær berist því fyrir 10. nóvember 2017.

Fyrir hönd ráðherra

Sigr. Lára Ásbergsd.
Sigríður Lára Ásbergsdóttir

Guðni Olgeirsson
Guðni Olgeirsson

Ljósrit: Skólastjóri og foreldraráð Leikskólans Reynisholt og skólanefnd Reykjavíkurborgar

Málsnr: R17100472
Skjalasafn Ráðhúss
30. okt. 2017
Bréfalykill: 647

BE/-

Reykjavík 19/10 2017

Til Borgarráðs Reykjavíkur
Ráðhúsinu
101 Reykjavík

Sjálfseignastofnunin Jökulsól áformar að byggja leiguíbúðir í Reykjavík til útleigu á félagslegum grunni. Vísað er til laga nr. 52/2016 um almennar íbúðir.

Félagið var stofnað 1/10 2017 í samráði við Skrifstofu eigna og atvinnuþróunar sem fer með málefni eignasjóðs Reykjavíkurborgar.

Með hliðsjón af framangreindu er óskað eftir viðræðum við Reykjavíkurborg um úthlutun fjölbýlishúsalóða í Reykjavík, samanber 2. gr. laga 52/2016 um stofnframlög á vegum sveitarfélaga.

Virðingarfyllst,

Bjarni Einarsson
framkvæmdastjóri Jökulsólar ses.
beinarsson@ieg.is
GSM 892-4357

ÁLYKTUN
ÍBÚASAMTAKA HÁALEITIS

um áframhaldandi öflugt íþrótta- og æskulýðsstarf á núverandi íþróttasvæði, lögð fram á 160. fundi Hverfisráðs Háaleitis og Bústaða, 16. október 2017

Íbúar í Háaleitishverfi lýsa yfir áhyggjum af framtíð íþrótta- og æskulýðsstarfs á núverandi íþróttasvæði í Safamýri. Íbúar gera kröfu til borgaryfirvalda um að þessi þjónusta við börn og aðra íbúa verði tryggð til frambúðar. Starfsemi núverandi íþróttafélags, FRAM, flyst endanlega 2021 í Grafarholt. Það er á ábyrgð borgar og íbúa hverfisins að tryggja áframhaldandi og samfellt framboð á íþróttastarfsemi í hverfinu.

Sérstakur starfshópur um framtíð íþróttastarfsemi hefur verið skipaður af Íbúasamtökum Háaleitis og í kjölfar funda með íbúum hefur hann unnið að og sett fram sýn íbúa að þessu leyti:

1. Viðhalda skal heildstæðu skóla- og íþróttastarfi í Háaleitishverfi

Mikilvægi staðbundinnar aðstöðu er hvergi meiri en hjá yngstu börnunum en markmið starfshópsins er að íþróttastarfi verði haldið úti í Safamýri a.m.k. upp í 10. bekk; þ.e. hjá 6-16 ára börnum.

2. Viðhalda skal framúrskarandi íþrótta- og tómstundaaðstöðu í Safamýri og bæta hana til frambúðar.

Börnum fjölgar í hverfinu og þétting byggðar er hafin (m.a. á sk. RÚV reit). Fjölgun íbúa kallar á frekari uppbyggingu og viðhald á aðstöðu fyrir skóla- og íþróttastarfsemi.

3. Auðvelda skal eins og hægt er flutning iðkenda Fram í Safamýri til annars félags sem tekur við þjónustuhlutverki við íþróttaiðkendur í Háaleitishverfi og fær til afnota íþróttaaðstöðu í Safamýri.

4. Hámarka skal gæði og virði hverfisins með því að ná fram ofangreindum markmiðum.

Íbúar Háaleitis vilja treysta fjölskylduvænt og fjölbreytt mannlíf í hverfinu. Skapa þarf aðstæður til að ungt fjölskyldufólk telji eftirsóknarvert að ala börn sín upp í Háaleiti. Grunnur að því er öflug skóla- og íþróttastarfsemi.

Íbúar í Háaleiti gera kröfu til þess að borgaryfirvöld vinni með íbúum hverfisins að því að ofangreind markmið náist, fljótt og vel. Íbúar krefjast þess, sem helstu hagsmunaaðilar málsins, að koma að öllum umræðum og samningum um ráðstöfun íþróttaaðstöðunnar í Safamýri og vinna þannig áfram með borgaryfirvöldum að málinu.

Málsnr.: R 17 10 0159
Skjalasafn Ráðhúss
27. okt. 2017
Bréfalykill: 483

SÖNGSKÓLI
SIGURÐAR DEMETZ
Ármúla 44 - 108 Reykjavík - 552 8600
Kt. 570313-0880

Erindi til borgarráðs Reykjavíkurborgar um fjölgun nemenda í Söngskóla Sigurðar Demetz veturinn 2017-2018 og aukningu framlags Reykjavíkurborgar til skólans vegna þess

Reykjavík 25.10.2017

Stjórnendur Söngskóla Sigurðar Demetz ses. óska eftir því að borgarráð taki afstöðu til beiðni um aukningu kennslumagns sem greitt er fyrir að hálfu Reykjavíkurborgar fyrir nemendur á grunnstigi í söngnámi skólaárið 2017-2018.

Núverandi þjónustusamningur við Reykjavíkurborg gerði ráð fyrir kr. 20.967.135 kr. framlagi og skal skólinn kenna 1603 nemendastundir á ári fyrir það framlag. Ósk okkar er sú að kennslumagn aukist um 25% og verði 2004 nemendastundir. Framlag í krónum aukist í samræmi við það.

Viðbótarframlag næmi 5.241.784 kr. og heildarframlag yrði þannig 26.208.919 kr. Framlagið tæki þeim breytingum í framhaldi sem framlög borgarinnar vegna tónlistarkennslu á yngri stigum almennt taka.

Ástæður erindis okkar eru eftirfarandi:

a) Söngleikjadeild Söngskóla Sigurðar Demetz hefur stækkað ört. Nú eru nemendur deildarinnar 25 og hefur ásókn verið mikil. Við höfum hafnað mörgum nemendum sem sótt hafa um í deildina. Einnig höfum við sett nemendur á biðlista í sumar í einsöngsdeild. Deildin er mikilvæg sprotastarfsemi sem ekki er til staðar í öðrum tónlistarskólum.
b) Um 13 efnilegum nemendum var hafnað í vor og haust vegna skorts á kennslumagni við skólann. Vissulega er það lúxusvandi að geta ekki tekið öllum efnilegum nemendum og þýðir auðvitað að við getum oft valið nemendur úr umsækjendum til náms hjá okkur. Helst viljum við þó leyfa sem flestum að þroska hæfileika sína, ekki síst ef um er að ræða einstaklinga sem ekki hafa notið þeirra gæða að stunda tónlistarnám áður. Það gildir um marga þá sem sækja um sitt fyrsta tónlistarnám sem söngnám seint á unglingsárum. Hafa ber í huga að margir hljóðfæranemendurnir eru þá búnir að njóta stuðnings í námi í áratug. Söngnemendur hins vegar taka stigsprófin hratt og dæmi eru um að nemendur komi þannig undirbúnir úr kórum og öðru söngstarfi að þeir geti lokið grunnstigi á einu ári ásamt tónfræðigrunnprófi (hjá okkur er einnig í boði tónfræðinám á netinu sem hægt er að taka á hraðferð). Þannig færast þeir mjög hratt yfir til ríkis sem greiðir kennslukostnað söngnemenda á miðstigi og framhaldsstigi. Söngnemendur eru þannig sennilega ódýrustu nemendur borgarinnar þegar á heildina er litið, en líka mögulega mjög mikilvægir þar sem þeir eru burðarásinn í sönglífi borgarinnar og borgaranna. Nýjustu rannsóknir um áhrif söngs og samsöngs ættu að vekja hjá mönnum vilja til að styðja enn frekar við nám þeirra sem vilja auka þekkingu sína og fagmennsku á þessu sviði. Öll vitum við að það skilar sér sem ómetanleg samfélagsgæði.

c) Síðasta vor útskrifaðist óvenjustór hópur nemenda úr Söngskóla Sigurðar Demetz. Hluti þessara nemenda fóru í áframhaldandi háskólanám á Íslandi eða erlendis. Á síðustu árum höfum við einnig orðið var við að leiklistaráhersla skólans hefur reynst gagnlegur undirbúningur fyrir fleiri tegundir listnáms eins og leiklistarnáms. Svo bar við að nemendavelta var óvenju mikil í vor og haust. Af þeirri ástæðu hefur nemendum í efri stigum fækkað lítillega og hætta á því að of fáir nemendur í grunnstigi gæti orsakað fækkun nemenda á efri stigunum. Það er mikilvægt að grunnurinn í skólanum sé sterkur og til þess þarf að hafa ákveðið svigrúm í nemendafjölda milli ára. Aðeins þannig getur skólinn tryggt að fjöldi útskriftarnema sem halda háskólanáms í söng og ekki síður veitt efnilegum nemendum með leikhæfileika góðan undirbúning fyrir leiklistarnám. Í raun er markmiðið að styrkja á næstu árum leiklistarnámið í skólanum til að þjóna þeim hluta enn betur.

d) Lausleg athugun á dreifingu nemenda í skólanum leiðir í ljós að nemendur ber að úr öllum hverfum Reykjavíkurborgar. Söngnemar geta með auðveldum hætti aldurs vegna ferðast milli hverfa borgarinnar vegna aldursdreifingarinnar og því hindrar búsetustaður ekki þá nemendur að stunda tónlistarnám hjá okkur.

e) Samstarf okkar við Fjölbrautaskólann við Ármúla sem hófst í haust miðar að því að ná til nemenda á aldri þar sem þeir gjarnan uppgötva sönghæfileika sína, frá 16 ára aldri. Þegar hafa nokkrir nemendur nýtt sér samstarfið og allt útlit fyrir að fyrir að samstarfið fjölgi umsóknum yngri nemenda.

f) Reykjavíkurborg hefur sett inn ákvæði í reglur um þjónustusamninga þar sem óskað er eftir *að nemendafjöldi sé um 150 til að stærð skóla sé hentug rekstrareining. Við erum sammála* því að sú rekstrareining er hentug stærð og viljum við því gjarnan stefna að fjölgun nemenda á næstu tveimur árum. Möguleikar til samrekstrar með öðrum tónlistarskóla eru takmarkaðir. Starfsfólk okkar er sérhæft og hröð þróun skólans undanfarin misseri og fjölgun tækifæra til söngnáms á mismunandi sviðum sönglistarinnar myndu vera í hættu. Miklu frekar er okkur í hug að þróa sterka og fjölbreytta söngakademíu þar sem fólk getur stundað fjölbreytt söngnám frá grunni.

g) Söngskóli Sigurðar Demetz hefur í haust stofnað nýja deild, áhugamannasöngdeildina „Sturtan". Þar geta nemendur kynnst söngnáminu á 8 vikna námskeiði hafi þeir áhuga á að auka færni sína í söng án þess að leggja út í fullt söngnám. Þannig viljum við veita tækifæri til að fleiri geti stundað söngnám án þess að af hljótist kostnaður fyrir skattgreiðendur í Reykjavík vilji þessir nemendur t.d. auka hæfni sína til þátttöku í kórsöng.

Virðingafyllst

Gunnar Guðbjörnsson

skólastjóri Söngskóla Sigurðar Demetz

gunnar@songskoli.is

s. 6634239